

Bæjarstjórn - 21

FUNDARBOÐ

21. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 25. janúar 2024 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2312001F - Skipulagsnefnd - 18**
Lögð fram fundargerð 18. fundar skipulagsnefndar.
- 2. 2401003F - Æskulýðs- og íþróttanefnd (SH) - 3**
Lögð fram 3. fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar.
- 3. 2401004F - Bæjarráð - 18**
Lögð fram 18. fundargerð bæjarráðs.

Erindi til kynningar

- 4. 2401016 - Vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur**
Lagt fram bréf til allra sveitarstjórna frá innviðaráðuneytinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 5. 2401017 - Ársskýrsla Brunavarna Stykkishólms og nágrennis 2023**
Lögð fram ársskýrsla Brunavarna Stykkishólms og nágrennis fyrir árið 2023.
- 6. 2401019 - Viljayfirlýsing um fjölgun íbúða og eflingu stafrænnar stjórnsýslu í sveitarfélaginu**
Lögð fram drög að viljayfirlýsingu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Sveitarfélagsins Stykkishólmur um fjölgun íbúða og eflingu starfrænnar stjórnsýslu í sveitarfélaginu. Fulltrúi HMS gerði grein fyrir markmiðum verkefnisins á 18. fundi bæjarráðs.

Bæjarráð fól bæjarstjóra að fullvinna og rita undir viljayfirlýsingu milli sveitarfélagsins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, eftir atvikum í samráði við oddvita.

Bæjarráð vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

- 7. 2401020 - Samkomulag um aukið framboð íbúðarhúsnæðis & fjármögnun**

uppbyggingar hagkvæmra íbúða

Lögð fram drög að samkomulagi Innviðaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar við Sveitarfélagið Stykkishólm um aukið framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu á tímabilinu 2023-2028 og fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félgaslegs húsnæðis.

Bæjarráð samþykkti á 18. fundi sínum að fela bæjarstjóra að fullvinna og rita undir samkomulag milli sveitarfélagsins, Innviðaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, eftir atvikum í samráði við oddvita.

Bæjarráð vísaði málinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2311014 - Húsnæðisáætlun 2024

Lögð fram uppfærð húsnæðisáætlun fyrir árið 2024. Bæjarráð samþykkti Húsnæðisáætlun 2024 á 18. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

9. 2311015 - Reglur um úthlutun lóða í Stykkishólmi

Lagðar fram að nýju til afgreiðslu nýjar reglur sveitarfélagsins um úthlutun lóða.

Bæjarráð samþykkti, á 18. fundi sínum, reglur um úthlutun lóða, með áorðnum breytingum, og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta þær.

10. 2312009 - Úthlutun lóða í Víkurhverfi

Lagt er til að auglýsa lóðir lausar til úthlutunar í Víkurhverfi.

Bæjarráð samþykkti, á 18. fundi sínum, að fela bæjarsstjóra, í samráði við skipulagsfulltrúa, að auglýsa lausar lóðir í Víkurhverfi til úthlutunar, með fyrirvara um frágang endanlegra lóðarblaða og hæðarkvóta og þeirra skipulagsbreytinga sem unnið er að í Víkurhverfi.

Um er að ræða eftirtaldar lóðir:

A-lóð
B-lóð
D-lóð
Ð-lóð
E-lóð
F-lóð
G-lóð
J-lóð
K-lóð
L-lóð
N-lóð
O-lóð

Lagt er til að afgreiðsla bæjarráðs verði staðfest með þeirri viðbót að bæjarstjóri fullvinni endanlega útfærslu og fyrirkomulag auglýsingar í samráði við oddvita á grundvelli nýrra úthlutunarreglna áður en lóðirnar verði auglýstar lausar til úthlutunar.

11. 2312015 - Erindi frá UMFÍ

Lagt fram þakkarbréf frá UMFÍ til sveitarfélagsins og HSH. Bæjarráð vísaði erindinu til

bæjarstjórnar.

12. 2306044 - Sæmundarreitur 8 - DSK óv br

Lögð fram að nýju umsókn Hjörleifs Sigurþórssonar, f.h. lóðarhafa Sæmundarreits 8, um óv. br. á deiliskipulagi ásamt ljósmynd sem sýnir hornstiku sólskálans. Einnig er lagt fram álit minjavarðar Vesturlands dags. 22.06.2023 þar sem hann heimilar byggingu sólskála, en húsið nýtur friðunar vegna aldurs sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Á 16. fundi skipulagsnefndar var umsóknin tekin fyrir aftur með uppfærðum uppdrætti þar sem sólskálinn hefur verið færður að húshorni í kjölfar þess að athugasemd við fyrri uppdrætti barst úr grenndarkynninu. Nefndin frestaði þá afgreiðslu málsins og fól skipulagsfulltrúa að láta setja út horn skálans þar sem staðsetning stígs kunni að vera ónákvæm.

Skipulagsnefnd samþykkti svo á 18. fundi sínum framlagða tillögu á óv. br. á deiliskipulagi og fól skipulagsfulltrúa að senda skipulagsbreytinguna til Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birta auglýsingu um gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda.

Bæjarráð staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar á 18. fundi sínum.

13. 2307005 - Aðalgata 16 - Stækkun byggingarreits

Lögð fram samantekt athugasemda úr grenndarkynningu vegna tillögu að óv. br. á deiliskipulagi miðbæjar Stykkishólms frá 2003 m.s.br. frá 2017 vegna Aðalgötu 16 ásamt svörum skipulagsnefndar. Einnig er lagður fram uppfærður uppdráttur (dags. 09.01.2023) með stækkun á byggingarreit um 5,2 m² vegna lagnarýmis og stækkun á lóð Aðalgötu 14 að stíg.

Á 18. fundi sínum samþykkti skipulagsnefnd fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi svör við athugasemdum og að heimila minniháttar stækkun á byggingarreit fyrir lagnarými og þar með framlagða tillögu að óv. br. á deiliskipulagi. Nefndin fól skipulagsfulltrúa að tilkynna þeim sem gerðu athugasemdir um niðurstöðu nefndarinnar.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 18. fundi sínum.

14. 2309024 - Birkilundur - br á aðalskipulagi

Lögð fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 vegna breyttrar landnotkunar á hluta Birkilunds í landi Saura.

Breytingin tekur til 2,8 ha svæðis sem tekur til sameinaðra lóða nr. 21, 21a, 22, 22a og 23 í Birkilundi og felst í breytingu á landnotkun úr frístundabyggð og landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu. Á svæðinu stendur til að reisa allt að fimmtán 35 m² rekstrarleyfisskyld útleiguhús. Samhliða þessari breytingu er verið að vinna nýtt deiliskipulag fyrir umrætt svæði.

Á 14. fundi skipulagsnefndar, þann 11.10.2023, samþykkti nefndin að sameina lóðirnar í eina lóð og að lóðin verði hluti deiliskipulags í vinnslu. Afgreiðsla nefndarinnar var staðfest á 15. fundi bæjarráðs.

Skipulagsnefnd samþykkti á 18. fundi sínum, að auglýsa skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 í samræmi við 1. mgr. 30. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim minniháttar breytingum sem samþykktar voru á fundinum.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 18. fundi sínum.

15. 2310002 - Saurar 9 (Vigraholt) - stofnun lóða

Lagt fram umsókn um stofnun fjögurra íbúðarhúsa og þriggja frístundahúsa í landi Saura 9 (Vigraholti) með breyttri staðsetningu frístundahúsa.

Á 14. fundi skipulagsnefndar þann 11. október sl. samþykkti nefndin umsókn Vigrahólts ehf. um stofnun fjögurra íbúðarhúsalóða og þriggja frístundahúsalóða í landi Saura 9 (Vigraholt) á grunni gildandi aðalskipulags í samræmi við 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 12. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og í samræmi við framlagðan uppdrátt. Jafnframt bókaði nefndin að liggi ekki fyrir undirritað samþykki eigenda aðliggjandi jarða og/eða landsspilda, skuli grenndarkynna fyrirhugaða stofnun lóða. Afgreiðsla nefndarinnar var staðfest á 15. fundi bæjarráðs og 18. fundi bæjarstjórnar.

Skipulagsnefnd samþykkti á 18. fundi sínum að grenndarkynna stofnun fjögurra íbúðarhúsalóða og þriggja frístundahúsalóða í samræmi við framlagðan uppdrátt. Grenndarkynna skal íbúðarhúsalóðir fyrir landeigendum Saura og Norðuráss og frístundahúsalóðir fyrir landeigendum Þingskálanness í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 18. fundi sínum.

16. 2401018 - Staða byggingarfulltrúa

Lögð fram starfslýsing byggingarfulltrúa. Lagt er til að staðan verði auglýst laus til umsóknar og að bæjarstjóra verði falið að ganga frá auglýsingu um stöðuna í samráði við ráðgjafa sveitarfélagsins í starfsmannamálum.

Bæjarráð samþykkti, á 18. fundi sínum að forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra yrði í sameiningu falið að annast undirbúning ráðningar byggingarfulltrúa, í samvinnu við hæfninefnd sem skipuð verður aðalmönnum í bæjarráði, með hliðsjón af áætlun um ráðningu forstöðumanns miðstöðvar öldrunarþjónustu. Bæjarráð samþykkti jafnframt að uppfæra verklagsreglur um ráðningar til samræmis við samþykktar skipulagsbreytingar.

Bæjarráð vísaði afgreiðslu til staðfestingar í bæjarstjórn, ásamt tillögu að áætlun um ráðningu.

17. 2302009 - Agustsonreitur - skipulagsbreyting

Lögð er fram skipulagslýsing vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísun í 30. gr. laganna og tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir reitinn í samræmi við 1. mgr. 40. gr. laganna ásamt breytingu á mörkum deiliskipulags fyrir miðbæ, austan Aðalgötu.

Í gildandi aðalskipulagi er reiturinn skilgreindur sem athafnasvæði en verður eftir breytingu skilgreindur sem verslun og þjónusta. Ekki er til deiliskipulag sem tekur til Aðalgötu 1 og Austurgötu 1 en Austurgata 2 er innan deiliskipulags miðbæjar austan Aðalgötu.

Bæjarráð fól skipulagsfulltrúa, á 18. fundi sínum, að uppfæra og fullvinna skipulagslýsingu í samræmi við umræður á fundinum og í framhaldinu að auglýsa skipulagslýsinguna.

Bæjarráð vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 1912004 - Fundaáætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs

Lögð fram drög að fundaáætlun bæjarráðs og bæjarstjórnar fyrri huta árs 2024

Bæjarráð samþykkti fundaáætlun og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

19. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

23.01.2024

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.